Innskráning RSS Líkar þetta 5,8 Leita í fréttum

Mánudagur, 10. júní 2013


„Þurftum“ að skoða allt í Kína


Færri sektaðir í tollinum eftir að heimild var hækkuð


Vegfarendur keyrðu inn á rallýbraut


Brautryðjendur kvenna í verkfræði heiðraðir


Neðanmáls Halldórs í vikunni


Lítill hagnaður hjá Ljótu hálfvitunum

Forsíða | Sjónvarp | Skoðun | Eftir vinnu | Tölublöð

INNLENT

# Enginn pólitískur þrýstingur á lífeyrissjóði

Hallgrímur Oddsson - hallgrimur@vb.is 6. júní 2013 kl. 13:52



Birgir Ísl. Gunnarsson

Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins.

## Stjórnarformaður Landssamtaka lífeyrissjóða segir að viðfangsefni síðustu ára hafi verið erfið.

Mælir með 1

Tweet 0

Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins og formaður Landssamtaka lífeyrissjóða, segir að samskipti við stjórnvöld síðustu fjögurra ára hafi verið ágæt. Óánægju hafi þó gætt vegna eignaskatts sem lagður var á sjóðina, og samskipti vegna hans hafi verið erfið.

Þegar Gunnar er spurður um þátttöku lífeyrissjóðanna í gjaldeyrisútboðum Seðlabankans og hvort sjóðirnir hafi flutt eignir heim í gegnum leiðina vegna pólitísks þrýstings þá svarar hann því neitandi. "Við gerðum samkomulag um þátttöku í febrúar 2012 og stóðum við það. Í dag er engin þrýstingur á að sjóðirnir taki þátt, og ég held að þeir séu ekki mjög virkir. Menn vilja verja erlendar eignir sínar," segir hann.

Þegar hann er inntur frekar eftir því hvernig samskipti hafi verið við stjórnvöld síðustu fjögurra ára, segir Gunnar að þau hafi verið ágæt. "Við glímdum við erfið viðfangsefni. Við vorum ósátt með eignarskattinn sem við fengum á okkur og samskipti vegna hans voru erfið," segir hann og vísar þar til skatts sem átti að leggja á tímabundið í tvö ár til að greiða fyrir hlut lífeyrissjóða í sérstökum vaxtaniðurgreiðslum. "Við minnum á að iðgjöld fara óskattlögð inn í sjóðina en tekjuskattur er greiddur af lífeyrisgreiðslum eins og öðrum tekjum. Allur aukaskattur felur í sér tvísköttun," segir hann en skatturinn var að lokum aðeins í eitt ár.

STIKKORÐ

Gunnar Baldvinsson • lífeyrissjóðir • Landssamtök lífeyrissjóða

TENGT EFNI

Fjórar konur nýjar í stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða

Framganga ráðherra í fjölmiðlum kom á óvart

Samningar við kröfuhafa púðrið sem kollvarpar krónunni

Segir 3,5% kröfuna oft misskilda

Íslenski markaðurinn of lítill fyrir lífeyrissjóði

Mest lesið | Í DAG | VIKAN

1. Hálfs milljarðs gjaldþrot tæknileikfangafyrirtækis
2. Lítill hagnaður hjá Ljótu hálfvitunum
3. Frosti: Skammast mín mest fyrir Merlín töframann
4. „Þurftum“ að skoða allt í Kína
5. Vegfarendur keyrðu inn á rallýbraut
6. Færri sektaðir í tollinum eftir að heimild var hækkuð
7. Útilegur fyrir þann sem efast
8. Neðanmáls Halldórs í vikunni

Skoðun Fleiri skoðanir

Þorbjörg Sigríður Gunnla | 7. júní
Land frelsis og faxtækja

Ingvi Snær Einarsson og | 6. júní
Verkferlar vegna innri uppljóstrana

Andrés Magnússon | 5. júní
Erroribusarnir

Viðskiptablaðið Eftir vinnu

*Ítarlegt viðtal við Gunnar er að finna í nýjasta tölublaði Viðskiptablaðsins sem kom út í dag, fimmtudag. Eftirfarandi kafli rataði ekki í prentuðu útgáfu blaðsins og er því birtur í heild sinni á vb.is.*

Mælir með 1 Tweet 0






SJÁ EINNIG



Fjórar konur nýjar í stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða

Töluverð endurnýjun var á stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða á dögunum.




Fjórar góðar bækur í sumarfríið að mati bóksala



Útilegur fyrir þann sem efast

## Fréttir

Skoða allar

**Allt** Innlent Erlent Fólk




Martin Haugo: Hjólreiðastígar í borginni af hinum góða

Hafsteinn Ægir Geirsson stóð uppi með pálmanna í höndunum í Blue Lagoon Challenge-hjólakeppninni.

10. júní 11:00
Landsbankinn styrkir fimmtán framúrskarandi námsmenn

10. júní 09:20
Töfrar Katrínar

10. júní 09:58
Fjöldi kaupsamninga yfir hundrað

10. júní 09:43
Góðar fréttir í Japan

Myllusetur ehf.
Nóatúni 17
105 Reykjavík
Sími: 511-6622

vb@vb.is
ritstjorn@vb.is
askrift@vb.is
auglysingar@vb.is

### Tenglar

- Um Viðskiptablaðið
- Starfsmenn
- Áskrift
- Sölustaðir
- Innskráning

### Efni

- Fréttir
- Innlent
- Erlent
- Tölublöð

### Skoðun

- Skoðun
- Pistlar
- Óðinn
- Týr
- Huginn og Muninn

### Útgáfa

- Viðskiptablaðið
- Fiskifréttir
- Hestablaðið